

## AUGLÝSING

### um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar hafa eftirtaldar breytingar verið ákveðnar:

Bann við bifreiðarstöðum báðum megin á Faxabraut, frá Jaðarsbraut að Hringtorgi.

Bann við bifreiðarstöðum á Háholti norðanverðu, frá húsi nr. 21 að Kirkjubraut.

Ákvarðanir þessar taka gildi 1. janúar 1987.

*Lögrelustjórinn á Akranesi, 30. desember 1986.*

**Sigurður Gizurarson.**

## REGLUGERÐ

### um dómsmálagjöld o. fl.

I. Gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, sbr. lög nr. 13 5. maí 1978.

1. gr.

Dómsmálagjöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

A.		Kr.
	1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu .....	65
	2. Gjald fyrir þingfestingu .....	500
	3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann) .....	100
	4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls .....	165
	5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann) .....	165
	6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða .....	165
	7. Gjald fyrir kæru til Hæstaréttar .....	600
	8. Gjald fyrir sjóferðarpróf .....	1 200
B.	Fyrir Hæstarétti:	
	1. Gjald fyrir útgáfu stefnu .....	100
	2. Gjald fyrir þingfestingu .....	800
	3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann) .....	165
	4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls .....	210
	5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann) .....	210
	6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða .....	165
	7. Útivistargjald .....	800